

Nd.

33. Tillaga

til þingsályktunar um sölu viðtækja (útvarpstækja) og um lækkun afnotagjalds.

Flutningsmenn: Jón A. Jónsson, Pétur Ottesen, Jóhann P. Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina :

1. að sjá um, að einkasala ríkisins á útvarpstækjum (viðtækjum) veiti kaupendum, sem þess óska, kost á að greiða andvirði tækjanna á allt að þrem árum.
2. að árlegt afnotagjald verði lækkað niður í að minnsta kosti 20 krónur.
3. að þeim einum sé falin útsala tækjanna, sem hafa næga þekkingu á uppsetningu og viðgerð þeirra.

Ástæður.

Fullyrða má, að útvarpið getur orðið og á að verða til menningarauka fyrir þjóðina. Þá er þess og vænzt, að það geti orðið til hagsbóta fyrir atvinnurekendur að því er snertir veðurfregnir. Loks mun það verða til skemmtunar, einkum í fjarlægari héruðum. Það er því mikil nauðsyn, að sem flestir geti notfært sér það, sem útvarpað verður.

Eins og nú er fyrir komið sölu viðtækja, er langt frá því, að allur almenningur geti notfært sér útvarpið. Allur þorri hinna efnaminni manna getur ekki greitt andvirði tækjanna við móttöku og mörg hinna smærri heimila munu skirrast við að kaupa tækin, jafnvel þó gjaldfrestur fáiist, ef árlegt afnotagjald er 30 krónur, eins og nú hefir verið ákveðið.

Þá hefir það víða valdið бага, að mönnum, sem enga þekkingu hafa á uppsetningu og viðgerð tækjanna, hefir verið falin útsala þeirra.